

Aðalfundur Hestamannafélagsins Spretts 25. febrúar 2015.

Fundur hófst skv. dagskrá kl. 20:15

Fundarstaður: Félagsheimili reiðhalla Spretts

1. Formaður félagsins, Linda B. Gunnlaugsdóttir bauð félagsmenn velkomna og setti fundinn. Þá voru mættir 80 fundargestir.
2. Linda stakk upp á Kristni Hugasyni sem fundarstjóra og Kristínu Njálisdóttur sem fundarritara. Samþykkt einróma.
3. Kristinn Hugason tók við fundarstjórn og bauð Lindu B. Gunnlaugsdóttur formann félagsins velkomin í pontu á ný og flutti hún skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári. Linda rakti störf stjórnar félagsins í stórum dráttum en verkefni stjórnar voru fjölmörg á síðasta ári og hélt stjórn vikulega fundi nánast allt sl. ár. Árið var mjög viðburðarríkt, Landsmót haldið á Hellu og Sprettur með myndarlegan hóp þátttakenda **Sjá glærur**.
4. Fundarstjóri bauð Lárus Finnbogason, gjaldkera félagsins, orðið. Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins til samþykktar. Félagslega kjörnir skoðunarmenn hafa yfirfarið reikningana. Lárus fór yfir helstu tölur efnahagsreiknings og rekstrarreiknings fyrir árið 2014:

Reikningar félagsins með skýringum lágu frammi á borðum fyrir fundarmenn.

Rekstrarreikningur; tap af reglulegri starfsemi félagsins nam samtals. kr. (5.207.998)

Efnahagsreikningur;

Varanlegri rekstrarfjármunir.

kr.222.885.293.-

Áhættufjármunir og langtímakröfur

kr.566.478.965.-

Fastafjármunir

kr.789.364.258.-

Veltufjármunir:

kr. 27.391.703.-

Eignir samtals

kr. 817.378.072.-

Skuldir og eigið fé;

Eigið fé

kr. 715.880.250.-

Skammtímaskuldir

kr. 101.497.822.-

Skuldir og eigið fé samt.

kr. 817.378.072.-

Fundarstjóri bauð fundarmönnum upp á fyrirspurnir. Engar fyrirspurnir bárust.

Pétur Maack bað um orðið. Hann tók til máls og vildi þakka núverandi stjórn fyrir vel unnin störf og vel framsetta skýrslu og ársreikninga. Sveinbjörn Sveinbjörnsson tók undir orð Péturs og þakkaði stjórn vel unnin störf.

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar. Reikningar félagsins og skýrsla stjórnar fyrir árið 2014 samþykktir einróma.

5. Lagabreytingar skv. 20. gr. Fyrir lágu tillögur að breytingu á 4. gr. 5. gr. 10. gr. og 11. gr. Fundarstjóri kynnti tillögur að lagabreytingum.

Stjórn Spretts lagði fram eftirfarandi tillögur til breytinga á lögum félagsins um breytingu á dagsetningu aðalfunda og að um leið verði reikningsári félagsins breytt.

4.gr. (er nú)

Aðalfundur ákveður árlegt félagsgjald sem skal greiða fyrir 1. apríl ár hvert. Félagsmenn bera enga persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ber félagið eitt ábyrgð á

skuldbindingum sem stofnað er til í nafni þess. Félagar 67 ára og eldri og þeir sem eru yngri en 18 ára greiða ekki félagsgjald.

Tillaga að breytingu:

4.gr.

Aðalfundur ákveður árlegt félagsgjald sem skal greiða fyrir 1. janúar ár hvert. Félagsmenn bera enga persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ber félagið eitt ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til í nafni þess. Félagar 67 ára og eldri og þeir sem eru yngri en 18 ára greiða ekki félagsgjald.

5.gr. (er nú)

Félagar, sem ekki greiða félagsgjald fyrir 1. apríl ár hvert, hafa ekki rétt til að taka þátt í keppnum á vegum félagsins né réttindi á fundum þess á yfirstandandi starfsári (sem er hið sama og reikningsár félagsins), fyrr en þeir hafa greitt skuld sína. Að öðrum kosti falla þeir úr félagsskrá 10. apríl ár hvert. Viðkomandi getur ekki öðlast félagsréttindi á ný nema eldri skuld sé greidd. Brjóti félagi alvarlega af sér gegn lögum og reglum félagsins, er stjórn þess heimilt að víkja honum úr félaginu. Brottviknum féлага er heimilt að áfrýja máli sínu til aðalfundar.

Tillaga að breytingu:

5.gr.

Félagar, sem ekki greiða félagsgjald fyrir 1. janúar ár hvert, hafa ekki rétt til að taka þátt í keppnum á vegum félagsins né réttindi á fundum þess á yfirstandandi starfsári (sem er hið sama og reikningsár félagsins), fyrr en þeir hafa greitt skuld sína. Að öðrum kosti falla þeir úr félagsskrá 10. janúar ár hvert. Viðkomandi getur ekki öðlast félagsréttindi á ný nema eldri skuld sé greidd. Brjóti félagi alvarlega af sér gegn lögum og reglum félagsins, er stjórn þess heimilt að víkja honum úr félaginu. Brottviknum féлага er heimilt að áfrýja máli sínu til aðalfundar.

10.gr. (er nú)

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 1. mars ár hvert, og skal hann boðaður skv. ákvæðum 9. gr. en þó með minnst viku fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar er:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formaður leggur fram og kynnir skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða af skoðunarmönnum félagsins.
5. Lagabreytingar, skv. 20. gr.
6. Kosning aðalstjórnar skv. 6. gr.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr.
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal lögð fram.
11. Önnur mál, sem félagið varðar.

Tillaga að breytingu:

10.gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 1. desember ár hvert, og skal hann boðaður skv. ákvæðum 9. gr. en þó með minnst viku fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar er:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formaður leggur fram og kynnir skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða af skoðunarmönnum félagsins.
5. Lagabreytingar, skv. 20. gr.
6. Kosning aðalstjórnar skv. 6. gr.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr.
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal lögð fram.
11. Önnur mál, sem félagið varðar.

11.gr. (er nú)

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

Tillaga að breytingu:

11.gr.

Reikningsár félagsins er frá 1. október til 30. september.

Umræður sköpuðust um tillögurnar og voru m.a. vangaveltur um hvaða áhrif þetta hefði á félagaskrána þar sem nauðsynlegt er að uppfæra félagatalið vegna greiðslu gjalda til LH sem hefur gjalddaga 15. apríl ár hvert. Guðmundur Hagalínsson tók til máls og lagði fram skriflega breytingatillögu við breytingar á 5. gr. laganna sem er eftirfarandi: Í stað „Að öðrum kosti falla þeir úr félagaskrá 10. apríl ár hvert“ komi „Sé félagsgjaldið ógreitt 1. apríl er stjórn heimilt að félla viðkomandi af félagaskrá.“ Lárus Finnbogason dró til baka sína tillögu að breytingu á greininni og samþykkti breytingatillögu Guðmundar. Breytingar við gr. 5 samþykkt með breytingartillögu GH.

4. gr. samþykkt, 10. gr. og 11. gr. samþykkt. Lög félagsins með samþykktum breytingum verða birt á heimasíðu Spretts við fyrsta tækifæri.

6. Þrjú stjórnarmenn ganga úr stjórn að þessu sinni, en það eru Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir og Hannes Hjartarson. Þá hefur Sigurður Halldórsson óskað eftir að hætta í stjórn sökum anna en hann átti eftir eitt ár í stjórn. Fráfarandi stjórnarmönnum eru þökkuð góð störf í þágu félagsins.

Fundarstjóri kallaði eftir upplýsingum um framboð og bauð þeim einstaklingum að kynna sig.

Efirtaldir félagsmenn buðu sig fram í stjórn:

- Hermann Vilmundarson býður sig fram til áframhaldandi starfa (2 ár)
- Sigurður Tyrfingsson (2 ár)
- Ragna Emilsdóttir (2 ár)
- Ólafur Blöndal (til eins árs í stað Sigurðar Halldórssonar)

Allir frambjóðendur kosnir með lófataki.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara skv. 6. gr. Jóhanna Elka Geirsdóttir og Geirprúður Geirsdóttir voru einróma kjörnar skoðunarmenn reikninga. Guðmundur Hagalínsson og Þorsteinn Ragnarsson voru kosnir skoðunarmenn til vara að þessu sinni.

8. Kosning í nefndir skv. 17. gr.
Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fjölmargir hefðu gefið hafa kost á sér í störf nefnda en margar nefndanna hafa þegar hafið störf. Þá upplýsti fundarstjóri að þeir sem áhuga hafa á að starfa með nefndum félagsins skrái sig á þar til gert eyðublað hjá framkv.stjóra félagsins. Fundarmenn samþykktu einróma þessa leið við kjör í allar nefndir félagsins með lófataki.
9. Ákvörðun félagsgjalds. Samþykkt að almennt félagsgjald fyrir 22-67 ára verði kr. 12.000.- og fyrir 18-21 ára verði kr. 6.000.- fyrir árið 2014. Stjórn félagsins mun áfram verða heimilt að fella niður eða veita afslátt af félagsgjöldum öryrkja. Sjá glæru – Breyting á félagsgj. samþykkt samhljóða.
10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins leggur fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og gaf Lárusi gjaldkera orðið. Lárus gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 – sjá meðfylgjandi fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun afgang á athugasemda.
11. Önnur mál. Þorsteinn Ragnarsson tók til máls og þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf. Vakti athygli á því að stjórn félagsins yrði leita allra leiða til að minnka skuldir þess. Hann óskaði eftir því að hugað yrði m.a. að sölu á reiðhöllinni við Hattarvelli. Óskaði svara frá stjórn. Lárus gjaldkeri tók til máls og svaraði því til að stjórn hefði miklar væntingar til tekjuöflunar af eignum félagsins og þá m.a. einnig af höllinni við Hattarvelli. Vildi að sölumál yrðu endurskoðuð t.d. innan tveggja ára. Þá þarf að sækja á sveitarfélögin til þess að hjálpa okkur við að klára frágang á svæðinu.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson tók til máls og vildi ítreka þakkir sínar til stjórnar með góð störf. Hann taldi að ekki þyrfti að taka ákvörðun um sölu á Hattarvallahöllinni núna á þessum fundi en auðvitað yrði að endurskoða afstöðu félagsmanna til þess síðar. Sveinbjörn tjáði áhyggjur sínar af Landsmóti hestamanna og að sundrung innan LH væri að eyðileggja Landsmót. Hann minntist á það að hestamenn í Reykjavík og nágrenni gætu ekki setið hjá og horft á þessa alvarlegu þróun og hvatti menn til þess að tjá skoðanir sínar opinberlega.

Jón Magnússon spurðist fyrir um það hvort það væri óraunhæft að lykkillinn að höllinni yrði jafnframt félagsskírteini og þar með yrði aðgangur að höllinni innifalinn í félagsgjöldum. Lárus svaraði því til að mikið af hugmyndum hafi komið fram varðandi hvernig best væri að gera þetta. Ákvörðunin varð sú að fara þessu einföldu leið og hafa lyklagjaldið það lágt að það yrði ekki mjög íþyngjandi fyrir félagsmenn. Annars er stjórn opin fyrir öllum góðum hugmyndum.

Guðmundur Hagalínsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi ályktun frá sér og Sveinbirni Sveinbjörnssyni varðandi Landsmót hestamanna.
„Aðalfundur Hmf. Sprettis haldinn 25. febrúar 2015, lýsir yfir áhyggjum af þeim farvegi sem stjórn L.H. hefur komið Landsmóti hestamanna í með þeirri ákvörðun sinni að óska eftir að mótið verði haldið að Hólum 2016 þrátt fyrir að þar sé aðstaða til stórmótahalds afar takmörkuð. Telur fundurinn að svo óvarlega megi ekki fara með það fjöregg sem Landsmót hestamanna er.“
Ályktun samþykkt með miklum meginþorra atkvæða.

Fundarstjóri gaf Lindu orðið en á fundinum fóru fram viðurkenningar til unga fólksins í félaginu ásamt því að heiðra Íþróttafólk Sprettis 2014.

Íþróttafólk Spretts 2014 eru:

- Í flokki 13-16 ára voru valin systkinin Særós Ásta Birgisdóttir og Hafþór Hreiðar Birgisson
- Í flokki eldri en 17 ára voru valin María Gyða Pétursdóttir og Ævar Örn Guðjónsson.

Í flokknum Besti keppnisárangur 2014 fengu eftirfarandi aðilar viðurkenningar:

- Barnaflokkur drengir : Kristófer Darri Sigurðsson
- Barnaflokkur stúlkur : Sunna Dís Heitman
- Unglingaflokkur drengir : Hafþór Hreiðar Birgisson
- Unglingaflokkur stúlkur : Birna Ósk Ólafsdóttir
- Ungmennaflokkur drengir: Arnar Heimir Lárusson
- Ungmennaflokkur stúlkur : María Gyða Pétursdóttir

Hvatningaverðlaun

Veitt voru ný verðlaun sem eru Hvatningaverðlaun í barna- og unglingsflokki. Við val á er horft er til áhuga, ástundun, framfara og til þátttöku hjá viðburðum félagsins, í keppni og námskeiðabátttöku hjá félaginu. Einungis er hægt að hljóta þessi verðlaun einu sinni.

Hvatningaverðlaun 2014 hlutu:

- Barnaflokkur : Bryndís Kristjánsdóttir
- Unglingaflokkur: Bríet Guðmundsdóttir

Aðalfundurinn heiðraði einnig þá knapa sem riðu í úrslitum fyrir Sprett á LM 2014.

- Sigurður Baldur Ríkharðsson – 10. Sæti í Barnaflokki
- Sunna Dís Heitmann – 12. Sæti í Barnaflokki
- Hafþór Hreiðar Birgisson – 7. Sæti í Unglingaflokki
- Birna Ósk Ólafsdóttir – 12. Sæti í Unglingaflokki
- María Gyða Pétursdóttir – 3. Sæti í Ungmennaflokki
- Ellen María Gunnarsdóttir – 4. sæti í Ungmennaflokki
- Helena Ríkey Leifsdóttir – 14. Sæti í Ungmennaflokki

Ævar Örn Guðjónsson – fimmti besti tíminn í 150 metra skeiði og fjórði besti tíminn í 250 m skeiði.

Ármann Magnússon afhenti stjórn mynddisk til eignar. Um er að ræða ljósmyndir sem sýna sögu uppbyggingar á hesthúsasvæði Spretts við Magnúsarlund. Myndirnar verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu Spretts og er Ármanni þökkúð vegleg gjöf þar sem um er að ræða dýrmætar sögulegar heimildir fyrir Hmf. Sprett.

Fundarstjóri þakkaði fundarsetu og góða og málefnalega umræðu og sleit fundi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 22:20

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir.